

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Í EYVINDARSTOFU, BLÖNDUÓSI  
ÞRIÐJUDAGINN. 24. APRIL KL 09:30**

Þriðjudaginn 24. Apríl 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar í Eyvindarstofu á Blönduósi. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri SSNV málefna fatlaðra og Sigurður V. Ásbjörnsson og Svanfríður Jónasdóttir sátu fundinn undir 2. lið. Guðmundur Guðmundsson frá Bygðastofnun sat fundinn undir 3. lið.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

- 1. Fundargerð síðasta fundar**
- 2. SSNV málefni fatlaðra.**

**a. Fundargerð þjónustuhóps 24.01.2012.** GSG kynnti einstaka liði.

Vegna liðar 3 sem er lengd viðvera fatlaðra grunnskólabarna fyrir haust og vorönn 2011 samþykkir stjórn endurgreiðslu 50% raunkostnaðar sem er samkvæmt reglum jöfnunarjóðs. Alls voru 32 í lengdri viðveru á árinu 2011. Heildarkostnaður sveitarfélagana nam 4.774.163 kr. Endurgreiðsla er kr. 2.387.082

- b. Fundargerð þjónustuhóps 07.02.2012** GSG kynnti einstaka liði
- c. Vinnufundur þjónustuhóps 16. 02.2012** GSG kynnti einstaka liði.
- d. Vinnufundur þjónustuhóps 06.03.2012** GSG kynnti einstaka liði.
- e. Fundargerð þjónustuhóps 18.04.2012** GSG kynnti einstaka liði

**Vegna 2. Liðar fundargerðar -Ráðstöfun framlaga vegna breytingakostnaðar**

**bókun.** Samkvæmt ákvörðun jöfnunarjóðs nemur framlag vegna breytingakostnaðar vegna yfirfærslunnar til málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra 4.417.582 kr. Framlöggin voru reiknuð á eftirfarandi hátt. 25% Jöfn skipting til þjónustusvæða sem tóku við þjónustu á árinu 2011. 25% dreift jafnt til allra þjónustusvæða. 50% dreift til þjónustusvæða eftir fjölda þjónustuþega.

Stjórn samþykkir að skipting framlaga vegna breytingakostnaðar til þjónustusvæðanna samkvæmt framangreindri skiptireglu.

Framlög til einstakra þjónustusvæða eru eftirfarandi

SSNV	kr 500.000
Húnaþing vestra	kr 421.085
A-Hún	kr 383.310
Skagafjörður	kr.949.931
Fjallabyggð	kr 1.317.720
Dalvíkurbyggð	kr. 845.536

**Vegna 6. liður - Þátttaka í NPA (Notendastýrði persónuleg aðstoð).**

Verkefnisstjóri kynnti verkefnið og innleiðingu þess á landsvísu. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði lögbundið árið 2014. Miklar umræður urðu um

málið. Þjónustuhópur beinir þeim tilmælum til stjórnar að byggðasamlagið taki þátt í þróunarverkefninu og ákvörðun verði tekin um að NPA verði ein leið í þjónustu við fatlað fólk á starfssvæðinu. Verkefnið taki gildi þegar byggðasamlagið hefur sett sér sameiginlegar reglur um að hvernig veita skuli NPA á grundvelli handbókar og leiðbeinandi reglna verkefnisstjórnar um NPA.

Stjórn lítur á þátttöku byggðasamlagsins í þróunarverkefni um NPA jákvæðum augum og felur verkefnisstjóra að afla nánari upplýsinga um þau atriði sem rædd voru á fundinum fyrri næsta fund. Afgreiðslu frestað.

- f. **Óendurskoðað rekstaryfirlit 2011.** GSG og framkvæmdastjóri skýrðu eintaka liði. Niðurstaða einstakra þjónustusvæða m.v áætlun er eftirfarandi. Húnaþing vestra 111%, A-Hún 104%, Skagafjörður 108%, Fjallabyggð 110% og Dalvíkurbyggð 109%. Á heildina litið er rekstrarstaðan 31 milljón yfir áætlun eða 8%. Samkvæmt staðgreiðsluuppgjöri sveitarfélaga eru tekjur frá sveitarfélögum byggðasamlagsins 8.7 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Ekki liggja fyrir endanleg fjárframlög Jöfnunarsjóðs en þau verða tekin til endurskoðunar í desember n.k. þegar endanlegur álagningarstofn útsvars fyrir árið 2011 liggur fyrir.

### 3. SSNV atvinnuþróun

- a. **Yfirferð um starf atvinnuþróunar.** Katrín María Andrésdóttir og Stefán Haraldsson atvinnuráðgjafar mættu til fundarins. Kynntu þau helstu verkefni sem unnin eru á vettvangi atvinnuþróunar. Kynntar voru niðurstöður þjónustukönnunar sem og verkefnayfirlit fyrir árið 2011. Á árinu 2011 unnu starfsmenn SSNV atvinnuþróunar að 143 verkefnum sem er fjölgun um 14 frá fyrra ári.
- b. **Vaxtarsamningur.** KMA kynnti úthlutun verkefna Vaxtarsamnings. Umræður urðu um úthlutun og fyrirkomulag stjórnsýslu samningsins.

### Sigurjón Þórðarson vék af fundi þegar hér var komið kl 12:45

Miklar umræður urðu um ýmsa þætti er snú að atvinnumálum svæðisins m.a ferðaþjónustu of.l.

### 4. Sóknaráætlun landshluta

- a. **Fundargerð stýrinets ráðuneyta frá 19. mars 2012.** Lögð fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um framkvæmd stefnumótunarvinnu Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Umræður urðu um málið. Stjórn samþykkir að efna til kynningarfundar fyrri sveitarstjórnarmenn og hagsmunaaðila á svæðinu um sóknaráætlun. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

5. **Bréf innanríkisráðherra til Skipulagsstofnar dags 3.apríl 2012(afrít).**  
Í bréfinu er upplýst um ákvörðun ráðherra um að í fjögurra og tólf ára samgönguætlun sé ekki gert ráð fyrir flutningi hringvegarins frá Blönduósi yfir á nýja Svínvetningabraut né flutningi hans til suðurs frá Varmahlíð.  
*Stjórn SSNV lýsir ánægju með viðhorf ráðherra um virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í skipulagsmálum.*
6. **Bréf Iðnaðarráðuneytisins dags 23. mars 2012** Í bréfinu er er boðað til málstofu um mótun stefnu um raflínur í jörð föstudaginn 11. Maí í stofu 101 í Odda (Háskóla Íslands). Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sæki fundinn f.h SSNV.
7. **Fundargerðir til kynningar**
  - a. **Fundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakana 22. Mars 2012.** Lögð fram til kynningar.
  - b. **Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 16. Mars 2012.** Lögð fram til kynningar.
  - c. **Fundargerð samráðsnefndar um mótun landsskipulagsstefnu frá 3. Febrúar 2012.** ÁPB kynnti fundargerðina.
  - d. **Fundargerð nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins á Norðurlandi vestra frá 4. apríl 2012.** Lögð fram til kynningar.
8. **Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
  - a. **Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 657. mál**
  - b. **Frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög), 658. Mál**

#### **Eftirfarandi ályktun var gerðar vegna frumvarpana**

Meirihluti stjórnar SSNV lýsir miklum áhyggjum af áhrifum framkominna frumvarpa um stjórn fiskveiða og veiðigjald. Minnt skal á að undanfarin ár hefur svæðið mátt búa við samdrátt á ýmsum sviðum. Það að boða stórfellda gjaldtöku á fyrirtækjum í sjávarútvegi er því bein aðför að stöðu Norðurlands vestra. Stjórnin áréttar einnig þá sanngjörnu kröfu að sjávarbyggðir njóti réttlátar hlutdeildar í hverri þeirri gjaldtöku sem lögð verður á greinina.

Með fyrirliggjandi frumvörpum um stjórn fiskveiða er vegið að afkomuöryggi sjávarbyggða, þeirra sem starfa í greininni og fyrirtækja í sjávarútvegi, jafnt stórra en ekki síst smærri útgerða. Þá er horfið frá mikilvægum byggðatengingum. Nægir þar að nefna skerðingu á byggðakvóta, línuívilnun, rækju og skelbótum, boðað fyrirkomulag viðskipta með veiðiheimildir sem kemur hart niður á einyrkjum og smærri útgerðum, áhrif á þá sem treysta á fiskmarkaði og óljósa framsetningu leigupotta. Þá eru settar of miklar skorður gegn nýliðun í sjávarútvegi, en á meðal meginmarkmiða nýrrar löggjafar um stjórn fiskveiða ætti hinsvegar að vera að greiða fyrir nýliðun og þróun í atvinnugreininni og tryggja afkomugrundvöll sjávarbyggða.

Samkvæmt útreikningum endurskoðunarfyrtækisins KPMG mun veiðigjald útgerða á Norðurlandi vestra nema 933 milljónum króna auk þess sem varanlegar aflaheimildir á svæðinu dragast saman saman um 567 þorskígildistonn (3,4%) frá því fyrir gildistöku laga nr. 70/2011 og 348 þorskígildistonn (2,1%) frá yfirstandandi fiskveiðiári.

Stjórnin skorar því á Alþingi að láta fara fram hlutlaust mat áhrifum frumvarpana, á atvinnuöryggi fólks, rekstaráhrifum á fyrirtæki, og sveitarfélög í byggðum landsins. Engum dylst nauðsyn þess að gera verður breytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, til að ná betri sátt um einn af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar, og tryggja verður þjóðareign á sjávarauðlindum. Sú „sátt“ getur ekki orðið eingöngu á kostnað sjávarbyggða og landsbyggðarinnar. Með vandaðri vinnu og samráði má ná árangri. Stjórnin SSNV er reiðubúin að taka þátt í slíku starfi.

### **Bókun Sigurjóns Þórðarson varaformanns SSNV.**

Tekið er undir það sjónarmið sem fram kemur í bókun meirihlutans að leggja til hliðar vanhugsuð frumvörp ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða og veiðigjald. Sömuleiðis er tekið heilshugar undir að frumvörpin séu sjávarbyggðunum stórhættuleg, þar sem dregið er markvisst með lögfestingu frumvarpanna, úr öllum byggðatengingum og enn frekar er aukið á flutning á fjármagni úr dreifbýlinu með sérstakri skattlagningu.

Almennt eiga sveitarfélög að varast að spyrða hagsmuni sína við þrönga hagsmuni einstaka útgerðarmanna eða fyrirtækja en dæmin sanna vítt og breitt um landið m.a. á Norðurlandi vestra, hversu fallvalt og varhugavert það getur reynst. Miklu frekar eiga fulltrúar almennings að hvetja til réttláttra og skynsamra breytinga á stjórn fiskveiða. Núverandi kvótakerfi hefur reynst afar illa en þorskaflinn er um þriðjungur af því sem að stefnt var að, með upptöku kerfisins og sömuleiðis hefur kerfið sært réttlætiskennnd almennings. Það er því algerlega ábyrgðarlaust að ætla að festa kvótakerfið í sessi næstu áratugina nær óbreytt, ef frá er talin gríðarleg skattlagning.

Það blasir við að nauðsynlegt er að endurskoða frá grunni forsendur núverandi veiðistjórnunar og koma á auknu frelsi og jafnræði við nýtingu á sameiginlegri auðlind landsmanna.

Augljóst er að það eitt að aðskilja fjárhagslega veiðar og fiskvinnslu mun tryggja sveitarfélögunum strax gríðarlegan tekjuauka.

- c. **Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hesthús)** Stjórn SSNV mælir með samþykkt frumvarpsins.
- d. **Frumvarp til laga um Byggðastofnun (takmörkun kærueimildar),302 mál.** Veitir ekki umsögn.
- e. **Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglugerða um kaup erlendra aðila á jörðum á Íslandi, 358 mál.** Veitir ekki umsögn.

### **9. Önnur mál.**

- a. **Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi.** Samþykkt að gera breytingu á tilnefningu á stjórnarmanni SSNV en samkvæmt 7. grein samnings SSNV og Markaðsstofu Norðurlands tilnefnir SSNV 1 mann í 5 manna stjórn MN fyrir hönd sveitarfélagana á sínu starfssvæði.

*Stjórn tilnefnir Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóra sem aðalman og Stefán Haraldsson atvinnuráðgjafa sem varamann.*

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:00      Jón Óskar Pétursson fundarritari**